

HEIMIR

II. ÁR.

WINNIPEG, FEBRÚAR, 1905.

NR. 2.

Úr disarmálum.

Þú fluttir í ókynni frá mér,
og frelsis þú leitaðir þar,
sem áður þú alls ekki vissir,
hvort auðn eða mannheimur var.

Og brott hafa stormar þig borið
um bárennar ókyrra flöt
að fjallsströnd í framanda landi,
þar flugvættum helgaðist sjöt.

En oft hef eg ástkvæðjur sent þér
og alið þér hugsælu-ró. —
Þú segir mér sögur í rúnum,
en svarar mér aldregi þó.

Og draumóð þinn dylur mér hulda,
sem dynljóð frá skýfaraleik.
Og saga þín sést þar ei' glöggvar
en svifmynd af loftdreyfðum reyk.

Nú fela þig fargeymar hranna
og fjöll þau, er aldrei eg leit. —
Og dalhjúpur draum máls í fjarska
þig dæmir í ómuna reit.

Í útleð þú sveifst mér frá sjönnum,
og sandraðir minningaband.
Í hvarfstraum frá ættmenna hugum
þig heillar nú vonglapa land.

Styrkár Vesteinn.

UM
HJÁTRÚ OG FJÖLKYNGI
UPPRUNA ÞESS OG ÚTBREIÐSLU

EFTIR

STEFÁN SIGFÚSSON.

HJÁTRÚ OG FJÖLKYNGI MEDAL VILLTRA ÞJÓÐA.

Þótt Kaldear, Babilóníumenn og Egyptar megi heita vorar fyrstu sögulegu þjóðir, og hjátrú og fjölkyngi eigi þannig til þeirra uppruna sinn að rekja, þá er það eigi þar með sagt, að þessir hlutir sé eigi eldri í heiminum. Þegar vér höfum fyrst söguleg kynni af þessum þjóðum frá því 4,000 árum fyrir tímatil vort, þá hafa þær þegar myndað stór og voldug ríki. Þær eru þá löngu höfnar af barnæskuskeiði, svo að frásagnirnar gefa oss enga grein eða dæmi þess, hversu trú og hjátrú hefir verið varið meðal hinna öndverðlegustu þjóða. Vér verðum því að snúa oss aðra leið, en til þeirra, er vér ætlum að leita oss upplýsinga um frumlegustu siði og háttu mannkynsins— það er viðjafnaðar eða samjafnaðarleiðin, er fara verður. Vér verðum að snúa oss til þeirra villiþjóða, sem vér nú þekkjum (t. d. Grænlandinga, Rauðskinna í N. Ameríku, ýmsra svertingja þjóða í Afríku og enda þjóðsflokkanna í Norður-Síberíu), og viðjafna svo frá þeim til hinna villtu þjóða, er áður voru uppi og vér engar sögur höfum um. En nú er svo fjarri, að þessar þjóðir sé á nokkru brávillustigi, að þvert á móti hafa þær náð eins konar menningarstigi, er rétt er álitid. En hvað um það, hjátrú þeirra hindurvitni og fjölkyngi má telja hið frumlegasta, er vér höfum að halda oss til í þessum efnum, og að líkindum mjög lítið breytt frá því á fornöld þeirra, og til þess verður því að halda sér.

Út í lýsing trúar og hjátrúar síða þessara þjóða hvernar fyrir sig verður ekki farið, en ef dregnir eru fram höfuðdrættirnir hjá þeim sameiginlega, má segja þegar, að öll trúarbrögð þeirra sem annara skrælingjaþjóða um alla fornöld er einhvers konar sáldýrkun (animism). Þær tilbáðu blátt áfram anda forteðra sinna framliðinna, líkt og villiþjóðir sumar gjöra nú. Þær þekktu ekki

aðra guði, og oftast mun hafa liðið langt skeið, áður en virkileg náttúrudyrkun byrjaði, er menn tóku að eigna náttúruöflunum guðdómlega eiginlegleika og hefja þau í geðatölu.

Annars mun mannkynið á fyrstu stigum sínum hafa alls enga dyrkun haft, en ekki vitum vér, hve lengi það hefir varað, en til samjafnaðar eru Australlíu-negrarnir. Er Norðurálfumenn þekktu þá fyrst. dyrkuðu þeir þá alls ekkert*, enda þykja þeir að andlegri þroskun til standa allra þjóða lægst. Enn er trú þeirra hin einfaldasta sáldýrkun. Þeir trúa að sálir hinna framliðnu reiki fyrst nokkra hríð um jörðina, fari svo til skýjanna og taki sér þar samastað.

Flestar aðrar siðlausar þjóðir standa ólíkt framur en Australlíu-negrarnir. Bæði hjá svertingjum Suðurálfunnar og rauðskinnnum Vesturheims má gjöra greinarmun á eiginlegum trúarbrögðum og hjátrú. Venjulegast er það hinn „mikli andi“, er þeir trúa á. Þó er fjarri, að þessi „mikli andi“ sé eiginlega nokkur guð, að minnsta kosti tilbiðja þeir hann ekki; það játa þeir sjálfir. En þeir segjast ákalla og tilbiðja anda forfeðra sinna einna, hvenær sem þeir þykjast hjálparvana, og þeir biðja þá líka um allt mögulegt, án þess að snúa sér til nokkurs eins af þeim.

Hinn mikli andi þeirra er heldur ekki skapari heimsins, en á himnum er hann þó, og virðist sem þeir skoði hann sem „örlögin“. Trúin á tilveru hans hindrar þá ekki frá því, að hafa fjölda guða, en sem þeir þó sjaldnast ákalla, utan hernaðarguðina, þá þeir leggja til bardaga, en þá eru þeir líka ákallaðir ásamt öndum hraustra forfeðra, og er því samfara dans og önnur mikil hátíðahöld.

Dýrkun þjóða þessara er því sálnadyrkun og hefir að líkindum verið svo frá aldaðli, þótt nú síðst sé hún samfara tilbeiðslu náttúruaflanna. Andarnir eru allstaðar. Þeir gjöra gott og illt eftir geðþekni sinni, þeir verða því að dyrkast. Dýrk-

*) Óvíst er, þótt þeir hefði haft einhverja trúarmeðvitund, að Evrópumenn hefði orðið þess áskynja, fyr en þeir fóru að kynna þeim, og því ekki vel traust að byggja á þannig lagadri sögusögn. Flestir munu telja átrúnað í einhverri mynd manningum jafngamlan. Ritstj.

unnin er fólgin í öftrum, fórnfæringum og svo særingum, er ýmist hver einstakur maður getur framið. er honum liggur á, eða verður að hafa til þess vissa menn, töframenn, meðalamenn o.s. frv. En af öllu þessu sést, að aðalþátturinn í trúbrögðum allra þessara þjóða er hjátrú, og öll þeirra dýrkun er töfrar og fjölkyngi.

Aðferðin við dýrkun og einkum særingu andanna er all mismunandi. Oftast er eitthvert sýnilegt jarteikn andanna haft fyrir sér, líkneski eða skurðgoð, og er hugsunin sú, að andinn búi í því, þó hafna aðrir þessu alveg.

Til skurðgoða eru teknir bæði dauðir hlutir sem og dýr ýms. Hjá nokkrum villiþjóðum eru þeir fæstir hinir sömu allt af. Eftir því sem á stendur taka þeir sér dýr (kött, geit, hund o.s. frv.), trjábol, stein eða því um líkt. Er þá guði þessum strax færð fórn, tjáð um leið hvað í áformi sé, og vilji hann ljá því fulltingi sitt, er honum hátíðlega lofað, að hann skuli fá að halda tigninni og tilbeiðinn verða sem guð. Þetta er alltítt hjá svertingjum á vesturströnd Suðurláfu.

Nokkru ofar virðast svertingjarnir standa í suðurhluta álfunnar, er halda engin skurðgoð, en tilbiðja ákveðna anda án nokkurrar sýnilegrar myndar. Að vísu eru þetta að eins andar forfeðra þeirra, og er þá andi framliðins föður ætíð mestur. Dýrum er fórnfært öndum þessum, og er blóðinu og feitinni brennt til „þægilegs fórnarilms“ andanum, en tilbeiðendurnir setjast að kjötinu, og eta það upp guðinum til dýrðar. Jafnframt þessu eru bænir fluttar um vörn gegn sóttum, um gnægð nautgripa, jarðarávaxta o. s. frv.

Hjá rauðskinnunum í Vesturheimi fer tilbeiðslan ýmist fram beint til hinna ósýnilegu anda, t. d. þegar sá, er til bæna gengur, tekur þann fyrsta hnöttóttan stein, er hann finnur á vegi sínum, malar hann allavega, tekur hann síðan afsíðis, leggur hann á bera jörð, fórnar honum þar nokkrum fjöðrum og tóbaki og með því að hann verður goðmagnaður við þetta, þá biður hann stein þenna nú að varðveita sig gegn allri hættu. Mest er þetta dýrkunarmáti einstakra manna.

Önnur er aðferð hjá skrælingjum þessum og viðhafnarmeiri, er vandamál stórvægileg bera að höndum t. d. drepsóttir, langvarandi þurkar, er þurka vatnsból þeirra og hindra jarðargróð-

ann, eða verjast þarf fjandmannaflokkum, þá er maður valinn, er sérstaklega er hæfur, og verður hann nokkurs konar meðal-göngumaður milli þeirra og guðanna. Hann einn getur farið með allar þær töfralistir er tilþurfa, að ná fultingi og hjálp guðanna. Slíkir meðalgangarar, prestar töframenn o. s. frv. eru til meðal nálega allra villtra þjóðflokka, og heita þá ýmsum nöfn-um. Síberíu skrálingjar nefna þá Schamana, rauðskinnar lyfja-menn, Zuluar í Suðurálfu Isi-nyanga o. s. frv. Allstaðar hafa þessir menn svipað embætti og svipaðan starfa, „búa til regn“, lækna, spá, „leita fréttu“, seiða sigur að höfðingjum o. s. frv. Þeir eru í einu orði fullkomnir töframeistarar, og eru í miklum metum hjá þjóðflokki sínum.

Eiginlegir lyfja og töframenn verða engir nema eftir tals-verðan undirbúning og svo einskonar vígslu, er hinir elztu og sérilagi uppgjafa lyfjamenn þjóðflokksins hafa á hendi. Ókunn-ugt er það, hvað þeim eiginlega er kennt, en vænta má, að það sé ýms töfrabrögð og særingaformúlur. Stórkostleg hátíðahöld eru samfara vígslu lyfjamannsins, og oft eru margir vígðir senn, og er dansinn þar þýðingarmestur, sem jafnan er meðal villtra þjóða. Undirbúningur vígslunnar er fólgin í föstuhaldi nokkra daga á undan, og eru þeir þá gjörðir hluttakandi í öllum leynd-ardómum hinna eldri. Sumstaðar eru þeir látnir komast í ákaf-lega svitahæð, reyktir með lyfjagrösunum o. s. frv., og fer þetta allt fram á undan dansinum. Að lokum fær hinn nývígði hinn svonefnda „lyfjapung“ saumaðan úr dýraskinum. Kennir þar í margra grasa, ýmsra gersima úr þrem ríkjum náttúrunnar.— Lyfjasteinn er og látinn upp í hinn nývígða, og er hann þá full-komlega tekinn upp í bræðrafélagið.

Það þarf eigi að taka fram, að það er hjátrúin og taumlaust hugsmíðaflug, er mestu ræður hér um. Meðal annars trúa þeir, að til sé hið svonefnda „lyfjadýr“, stærra og minna, og hafa þeir myndir af því. Til þessa svarar hjá siðlausum Suðurálfubúum „hin mikla eldslanga“. Venjulega hafa duglegir lyfjamenn út-vegað sér eitt eða svo bein úr þessu kyngidýri í lyfjaskrepp sinn, og reglan er að týna saman í hann það, sem hvorki töframað-urinn né aðrir bera nokkur kennsl á. Þannig sýndi einn lyfja-

maður allra kröftugasta muninn í töfrasekk sínum, og reyndist þá, að þetta var einnagli.

Speki sín og töframáttur, er þeir sjálfir trúá, ætla þeir að sér sé komin frá guðunum. Einkum er „vatnaguðinn“ máttugur og hjálpsamur. Hann birtist þeim í draumum þeirra, fræðir þá og fyllir fitonsanda. Töfrabumban, sem einátt er brúkuð við dansinn, er hans uppfinning, eða að minnsta kosti það, hvernig eigi að slá hana til hvers sem vera skal. Þegar þeir svo bera fram óskir sínar til guðsins, þá trúá þeir, að hann fái eigi staðist það og bænheyri þá, hvort um stórt eða smátt er að gjöra.

Töfra og lyfjamenn eru mjög mikils álits meðal flokks síns, en þó er þeim hættu búin, ef þeim tekst eigi, að fá guðina til bænheyrslu. Kunna þeir oftast ráð í lengstu lög. Þannig, ef útvega skal regn, er oft dregst fyrir þeim, þá skipa þeir hátíðahöld með dansi í marga daga, og gengur allt vel á meðan. En sjái lyfjamaður sitt óvænna, þá flýr hann, og er honum þá borgið, því sú trú er almenn meðal fólksins, að hann geti gjört sig ósýnilegan, breytt sér í dýralíki o. s. frv., og er þá ekki við hann að eiga frammar; er það gras eitt, er þeir eiga í þússi sínu, og notað er til þessara hluta.

Þegar í stríð skal fara, gjöra þeir líka seyði af jurt þessari og stökkva því á stríðsmennina og vopn þeirra. Eiga þeir þá að verða fjandmönnum ósýnilegir og ekki með neinum vopnum særðir.

Menn þessir eru og lækarnir meðal þjóðflokks síns. Lækningarnar eru fólgnar í þessum sömu töfrabrogðum þeirra. Þeir berja bumbu, hringla skröpum og dansa frammi fyrir þeim sjúka því kröftugri er lækningin sem ærslin eru meiri, unz bæði áhorfendur og svo hinir sjúku eru frá sér numdir orðnir, því þeir trúá að bæði himinn og jörð hlýði þessum töfrabrogðum og særingum. Eigi er fyrir að taka, að sjúklingnum batni við þetta, því það er oft sinnis traust hans til læknisins en eigi lyfin, sem batann færa.

Leiðandi þráðurinn í öllu þessu virðist vera sú hugmynd, að ósk með aðstoð guðanna hafi í för með sér uppfylling óskarinnar. Aðalatriðið fyrir lyfjamanninn er það, að gjöra öndunum ljóst, hvers af þeim sé vænst, og svo treystir hann á uppfyllingu

Þess af þeirra hálfu. Á þetta bendir töfradansinn og sú sameiginlega trú meðal allra villipjóða, að það sem gjört sé við mynd eða líkneski lifandi vera, hríni á þeim. Er þessa eigi ósjaldan neytt, er einhver vill hefna sín á fjandmönnum sínum, duglegur töframaður er þá fenginn til að gjöra mynd af honum, sem því næst er brennd eða höggvin eða fyrirkomið á annan hátt. Svo er trúin á þetta sterk, að ef viðkomandi fréttir það, annað hvort fyrirfer hann sér eða deyr af hræðslu.

Svipað kvað eiga sér stað meðal Rauðskinna, er þeir ætla á dýraveiðar. Mynd er dregin af ýmsum dýrum og yfir þeim þulin særing, þar sem veiðimaður lofar hreysti sína en hótar bráðinni snöggum dauða.

Þá fást töframenn mjög mikið við, að segja fyrir um orðna hluti, þýða fyrirburði og spá. Við spádóma fást raunar miklu fleiri en þeir. Almennastir eru hinir svo nefndu „örvaspádómar“; leita þeirra oft ungir menn, er þeir fara í fjárleit og frama. Ör er skotið beint í loft upp, og eftir stefnu þeirri, er hún tekur þegar hún fellur til jarðar, leggja þeir svo leiðar sinnar. Ekki ósvipað þessu hefir tíðkast meðal alþýðu manna í Norðurálfunni fram á þessa daga.

Þegar eitthvað mikið er í húfi og við hátíðleg tækifæri verður töframaðurinn sjálfur að koma til sögunnar. Einna mest viðhöfna við fréttaleitun er hjá villimönnum Tungus flokksins í Síberíu, eftir því sem ferðamenn skýra frá. Öll þau kyngilæti, er lyfjamaðurinn (Schamanninn) leikur, miða að því, að koma honum í einskona töfradá, eða láta hann verða frá sér numinn, og kvað hann þá vera hræðilegur útlitum. Þá hann spekist loks, er hann spurður fréttu af þeim viðstöddu, og stendur þá ekki á svörum. Flest eru þó svörin tvíráð, og í véfréttar stíl.

Af þessu, sem þegar er sagt, sést, að hjá öllum villipjóðum vorra tíma er fullkomin anda og vætta trú, og mun hún hafa viðhaldist hjá þeim frá alda öðli. Einkum eru það hollvættir, er kyngimennirnir hafa í þjónustu sinni, en þó er hitt eigi útilokað, að illvættir sé til, og menn taki þá í sína þjónustu, til þess að vinna öðrum tjón. Hér á sér því bæði stað hin heimilaða kyngi, „bjartkyngi“, og svo einnig hin óleyfilega, „svartkyngin“, kukl, gjörningar og galdrar.

Þegar óhöpp eða slys ber að höndum, þá er fyrsta hugsun villimannsins sú, að þetta sé af völdum illvætta, sem einhver fjandmaður þess, er fyrir slysinu varð, hefir á valdi sínu, og er það eigi óskylt okkar gömlu trú um „sendingarnar“ o. s. frv.— Af þessu leiðir, að starfi töframannsins er eigi að eins sá, að ráða bót á slysum, heldur og að koma upp um manninn, er gjörningunum veldur. Með þessu er lyfjamanninum fengið mikið vald í hendur, sem hann getur hæglega misbeitt. Enda hefnir hann sín oft á fjandmanni sínum með því, að benda á hann sem töframann, og kostar hinn það jafnaðarlegast lífið. Eiginleg fjölkyngi eða galdur fer því mjög leynilega, og er alls ekki titt um hönd haft. En nærri má geta, hvernig þessi galdur þeirra er, eftir hinum heimiluðu töfrum að dæma.

Framh.



Framþróun.



Rís nú frelsis röðuls dísin
 rósbjört upp úr tímans ósum.
 Vakir feigð að fjalla baki.
 Fellur vanans norn úr elli.
 Gljár í sporum genginna' ára
 goðöld ný með þekking boðuð.

Sveitum í er orðin breyting:
 Uxar jafnvel læra' að hugsa;
 augum rennir upp frá haugum,
 orpnum heimsku, löngu skorpnum,
 siðuð þjóð í sátt og friði,
 sannleikann til fulls að kanna.

Giljum í og gljúfur hyljum
 grímuklæddir dvergar hýma,

klæðast svörtum sorgarslæðum,
 syngja' um metorð, vöid og pyngje.
 hafna ljósi, syndum safna,
 sálar margra draga' á talar.

Nóg er hér af hrauní og flóum,
 hrævareidi' og freðnum snævi,
 elókaþýfi, kelðum, krókum,
 klöfum, beizlum, svipum, gröfum,
 háutum, hólum, begnum brautum,
 blindskerjum og hvirfilvindum.

Þú, sem átt við þröngt að búa,
 þreyttur vinnur höndum sveittum,
 þestur ói, með hugsun krepta,
 þrull og ör af norna truflan,
 þristu af þér blekki byrstur,
 þheimsku rek í dauða gleysku.

Veginn rétta ef þú eygir,
 áttu' ei strax að biðjast náttu;
 þráðbeinu liggur ljósum stráður
 lífsins til frá stormum kífsins.
 Langi þig þá leið að ganga,
 hláttu breytt um stefnu áttir.

Valt er lífshjól, víta skaltu,
 veltur ma í tímans beki,
 snýst í lofti og ljóssins þrýsting
 líðugt bæði upp og niður,
 maðugt stanzar strax, þá dauðink
 strenginn snertir— Æfni gengin!—

Helsli' er útrýmt, andans frelsi
 aftur heimtar lífsins kraftur.
 Vígjam andann vísdóm nýjum,
 vatns- og brauðtrú látum sjatna;

sál af æðri súpi skálum
sannelskandi drottins manna.

Allt hið góða göfga skaltu,
guð er alheims lífs frömuður,
færðu' að elska af hjarta hræður
háleit mál, en gleym þeim lágum
kjós þér sannleiks leið og ljósið,
fötraðu' ei á villigötum.

Yngjum gamalt upp, og syngjum
erfiljóð um skuggahverfin;
andans gull ei grafuð í sandi,
geislum öllum bjóð til veizlu,
hlýju máli,--- hjartans skála---
hliðin opna sannleiks smiðum.

Blekkíng afmá; upp með þekking,
yndi og frið í sálu mynda;
bjartsýnn vertu í hug og hjarta,
hafna sorg, með guð í stafni
góðan höfund heims og þjóða,
hættu' að trúá' á bókstafs þvætting.

Vilji ef til þess vex að skilja,
von sú rætist tímans sonum,
að það gamla ei fær staðist
aldir mikið fleiri taldar.
Njóla er hiðin, ljós frá sólu
lýsir þeim, sem vilja rísa.

Finn þér gagnlegt verk að vinna,
veittu svölan hjarta þreyttu,
hugga þá, sem þreyja' í skugga,
þýðum orðum, viðmótsblíðum,
strjúk af hvarmi mundum mjúkuna
mæðutár, ef sérðu blæða.

Gnýjum sólbros gegnum skýin,
 gleymum myrkurs undirheimum,
 skærra spáum, hagsam lærra,
 hefjum sál, þess bezta krefjumst.
 kartnögl vanans klippum svarta
 kærur frelsis sannleiks skærum.

Maður ætíð tungur, gláður
 ætti' að vera, ei nein er hättan,
 höfin bylja brúar gröfin,
 brjótumst fram að vegamótum
 lífs og dauðans, kólgu kífsins
 kveðum ljóð um frelsi og gleði.

Lífum til að skilja og skrifa,
 skynsemin sé hvers manns vinur!
 Rífum, byggjum, heimsku' ei hlífum,
 hlöðum traustar undirstöður.
 Steyptan, manndóms gulli greyptan,
 geysiháan sóltur reisu!—

Þórður Kr. Kristjánsson.



Kaflar úr bréfum frá Henrik Ibsen TIL GEORGS BRANDESAR.

Kristjánía, 3. júní 1897.

.....Getið þér, hvað mig dreymir og andanum finnst svo undur fagurt? Það er, að eg taki mér bólfestu einhvers staðar við Eyrarsund milli Kaupmannahafnar og Helsingjaeyrar á einhverjum fögrum stað, þaðan sem hægt er að sjá alla haffarendur, er þeir koma utan úr sægeimnum og hverfa út í fjarlægðina.

Slíkt sést ekki hér. — Hér eru öll sund lokuð í orðsins fyllsta skilningi, og allir andans firðir stíflaðir.

Ó, kærri Brandes, maður myndi ekki eyða ævinni þar úti í 27 ár árangurslaust meðal hinna stóru, frjálsu og bressandi náttúru. Hérna inni, eða réttara sagt, hérna uppi í fjörðunum er þó mitt föðurland. En— en— en, hvar á eg heima?

Það, sem hrífur mig mest, er hafin.

Dresden, 20. des. 1870.

— Það, sem mér nú sérstaklega er hugstætt, eru heimsins mikla umbrot. Hið gamla, fræga Frakkavelði er nú sundurhöggvið, og svo þegar hið nýja, virkilega Prússland fellur í mola, þá verðum vér skyndilega staddir á vettvangi yfirstandandi tíma. Hæ, hvílíkur hugmyndasægur mun þá ekki þyrpast í kringum oss. Og það er ekki ósennilegt, að þessi muni rannin á verða.

Allt það, sem heldur oss við líftóruna, eru einangis molar af stjórnbyltinga borðinu, sem í fleiri aldir hefir verið tönnlast og tuggist á. Fyrirkomulagið krefst nýrra umbóta. Frelsi, jöfnuður og bræðralag er ekki það sama nú, eins og það var á dögum Gillótínunnar. Þetta látast stjórnarsnáparnir ekki skilja, og þess vegna hata eg þá. Þeir vilja byltingar í ytri kjörum lífsins, en slíkt er til einkis gagns. Það er í anda mannanna sjálfra, er stjórnarbylting þarf að verða.

Dresden, 15. júlí 1869.

.....Eg auðvitað ber virðingu fyrir fegurðardýrkaninni, en um aðdáara yðar er eg eigi á sama máli og þér. Þér bendið á Michel Angelo. Eftir mínum skilningi hefir enginn syndgað meira gagnvart fegurðarsmekknum en einmitt hann, en samt þykir mér verk hans mjög hugðnæm sakir efnis og kjarna. — Málverk Rafaels hefir eiginlega aldrei hrifið mig; myndir hans tilheyra tímanum fyrir syndafliðið.

Fagurfræði suðurlandanna er önnur en norðurlandanna; það, sem suðurlandabúinn leggur mesta áherslu á, er glæsilegt form. Það, sem hann myndi kalla ljótt, getum vér kallað fagurt, hafi það sannleik inni að halda.

Trúmálafundir lútherskra manna

13. OG 14. FEBRÚAR S. L.

Trúmálafundir voru haldnir á dögnum í kyrkju norðursafnaðarins lútherska og eins í Tjaldbúðinni. Þau boð höfðu gengið út og voru höfð bæði eftir þeim síra Jóni og Friðrik Bergmann, að fundirnir væri almennt boðaðir fyrir Íslendinga í bænnum, og þar hefði allir málfrelsi jafnt utansafnaðarmenn sem innan.—Fyrri fundurinn var haldinn mánudagskveldið 13. þ. m. í norðurkyrkjunni, og umræðuefnið, er þar lág fyrir, var „hvernig eiga safnaðarmenn að taka árásum á hina kristnu trú af hálfu andstæðinganna.“

Í byrjun fundarins skýrði forseti frá því, að málfrelsi væri veitt að eins lútherskum mönnum, og var sú yfirlýsing endurtekinn síðar á fundinum, er spurt var, hvort Unitörum eða utansafnaðarmönnum væri leyft að taka til máls.

Fyrstur talaði síra Fr. Hallgrímsson, og viljum vér gefa hér útdrátt bæði úr ræðu hans og eins hinna, er á eftir töluðu.

Ræðum. byrjar með því, að benda mönnum á, að aðal umræðuefnið sé, hversu safnaðarmenn fái tekið á móti árásum óvinanna, á n þ e s s a ð s y n d g a. Árásirnar, segir hann, eru tvenns konar,—móti trúnni og móti mönnum, er trúna flytja. Tilgangur óvinanna með þessum árásum er sá, að fæla menn frá kristindóminum, sami tilgangurinn og erki óvinurinn hefir ætíð haft með öllum sínum ofsóknum á trúaða menn, að gjöra kristinndóminn og hans flytjendur hlægilega. Allar þessar árásir eiga einn og sama höfund, djöfulinn, og allir, er árásumum valda, eru verkfæri og útsendarar hans. En verkfæri þau, er djöfullinn notar til þess að koma þessum árásum sínum fram, eru tvenns konar. Fyrst, menn einlægir í sinni skoðun en afvegaleiddir, og svo í annan stað, illmenni samvizku og sannfæringarlaus. Árásirnar, sagði hann að birtust í þrennskönar myndum; fyrst í bún-
ingi v í s i n d a n n a, þá í persónulegum árásum og v o n z k u og sem fr á s a g a, þar sem sá, er söguna segði, létist hvergi við koma, en þó einmitt rifjaði upp þá sögu í illgjörnum tilgangi, líkt og þýðari greinarinnar, er birt var í Eimreiðinni síðastliðið

haust. Höfund þeirrar greinar kvaðst hann saka um fjandskap gegn kristindóminum, en frikenna ritstjórnann, með því líka hann hefði gjört afsökun sína fyrir að taka upp þá grein í blaðið.

Tvær sams konar greinar sagði hann að birst hefði í blöðum hér í bænum, er þann eina tilgang hefði haft, að sá fjandskaparsæðinu.

Að eins áleit hann að svara skyldi árásum þeim, er kæmi frá mönnum afvegaleiddum og einlægum í sinni trú, vegna þess að allar slíkar árásir gæti orðið til þess að tæla menn burt úr söfnuðunum, en öllum haturs árásum væri bezt að svara ekki, en leiða þær alveg hjá sér. Því með því að svara þeim, væri hætta búin, að kristnir menn leiddist til haturs og syndar.

Ekki væri það þó svo að skilja, að menn mætti ekki reiðast. Því eðlilega reiði hefði Jesús leyft, er hann sagði:— „Elskið óvini yðar, blessið þá sem yður bölvu.“(?) Um leið og menn fylltist eðlilegra reiði ætti þeir og að verða fullir vorkunnsemi við menn, er þannig léti nota sig sem verkfæri djöfulsins, og vorkunsemin ætti aftur að aftra mönnum frá þeirri reiði, er leiddi til syndar.

Með öllum þessum margvíslegu árásum áleit ræðum., að guð hefði einn sérstakan og blessunarríkan tilgang— þann, að auka kærleika manna til kristindómsins, samheldni í safnaðarmálum, árvekni í trúarefnum, og svo að æfa menn í kristilegri þolinmæði og auðmýkt.

Varð því næst löng þögn,— og horfði hver framan í annan, án þess nokkur tæki til máls. Stóð þá loks Fr. Bergmann upp og sagðist að eins taka til máls, til að rjúfa þögnina, en ekki vegna þess, að hann væri vel undirbúinn að ræða málið, því hann hefði staðið í annríki í dag, „eins og gengur“. Því vildi hann þó bæta við orð síðasta tölumanns, að „vér ættum að græða á árásunum“, með því að spyrja sjálfa oss, hvert vér værum ekki orsök þeirra að neinu leyti. Sjálfspróf hæfði kristnum mönnum, enda finndi kristinn maður ætíð sökina hjá sér. Að eins þeim væri mögulegt að dæma sjálfa sig óhlutdrægt og finna til þessarar sektar. En meðvitundin um sekt skapaði og kristilega auðmýkt, og „auðmýktin kennir mönnum að þegja.“ Enda væri það **bæta** vörnin við öllum árásum að

þegja og steinþegja, lifa allt niður, sem sagt væri, og gjöra það að lýgi. Menn ætti ekki að vera að halda uppi vörn, en treysta á varnarvegginn, láta hann taka á móti öllum þúðurkerlingunum, og lofa þeim að springa þar. Engin lýgi væri tóm lýgi, öll árás styddist við nokkurn sannleika, en reynslan hefði sýnt, að ekki væri til nokkurs um það að fást. „Vér höfum lært að þegja nú upp á síðkastið, lifa niður árásirnar og gjöra þær að lýgi. Það er og eina ráðið, því safnaðarfólkinu dettur ekki í hjartans hug, að trúna nokkrum áburði á prestana, því þeir sýna það í lífi sínu, að þeir eru menn, er engin árás bugar.“

Að því mæltu settist hann niður, og var þá fundurinn kominn inn á það stryk, er haldið var, það sem eftir var kvöldsins.— Síra Fr. H. hafði bent á, hversu málið ætti að takast, og Fr. B. hvert ráðið væri að mæta árásunum, og það var með því, að þegja—segja alls ekkert.

Síra N. S. Þorláksson tók þá til máls og sagðist heldur hefði kosið, að prestarnir drægi sig í hlé í þessu máli, en safnaðarmenn—óvígðu prestarnir—léti til sín heyra. Fyrir nokkru síðan sagði hann að kyrkja þessi hefði brunnið, og þá hefði óvinirnir sagt: „Kyrkjan hún brennur“, og verið glaðir yfir. Það hefði og oft verið sagt, að kyrkjan brynni, en það yrði seint. Á kyrkjubrunanum hefði söfnuðurinn grætt í andlegum skilningi. Hann hefði orðið trúmeiri og auðmýkst fyrir drottni, enda væri auðmýktin bezt gróðurinn. Þann sanna gróða ættu menn að öðlast vegna árásanna. En svo væri tími til að tala og tími til að þegja, en árásunum yrði ekki svarað með tómri þögn. „Vér höfum oft sýnt, að vér hefðum betur þagað, en það er ekki gróði að þegja með vöndri samvitzku.“—„Menn verða að gæta að, hversu þeir standa trúarlega í tilliti til biblíunnar, hvort þeir trúna, að hún sé bókstaflega innblásið guðs orð, og eins að vera ekki í óvissu um Jesús sem eina hellubjargið, sem menn fá byggð á, svo að þeir, sem ekki á því byggja, sé glataðir eilíflega. Út frá þessu ber að tala.“

Þá stóð síra J. Bjarnason á fætur og sagði að eins nokkur orð. Unræðuefni fundarins væri ekki frá sér, og vildi hann því, að leikmenn ræddi það, því frá þeim hefði það komið. Hann sagðist geta gefið sitt ráð, og það væri, að slá sjaldan til óvin-

anna, en þá sjaldan að það væri gjört, að greiða þá slagið af öllu afli.

Var þá sem á Magn. Pálsson væri bent, því hann reis óðara úr sæti, og stökk fram á gólf. Hann sagði að árásirnar hefði vaxið afskaplega nú um síðustu 12—18 mánuði, svo ekki tjáði að þegja við þeim lengur. Prestarnir hefði sagt, að vér ættum að læra að þegja, og sagðist hann vel geta trúað, að það yrði haft til sanns með fund þenna, að öllum hefði komið saman um, að bezt væri að þegja. „Árásirnar eru á lúthersku trúna, sem vér höfum lært að elska og ætlum oss að deyja upp á, og það hjálpar ekki að láta það gilda þögnina eina.“ Fyrir sig þyrfti ekki að svara, því hann stæði allvel trúarlega, en það væri innan safnaðanna menn veikir í trúnni, og þeir þyrfti styrktar með. —Svo væri kristnir menn utan kyrkjunnar, þeir þyrfti frelsunar. Þeir kæmi aldrei til kyrkju, en það væri auðvitað, að öllum væri það trúarlegur styrkur að sækja kyrkju. Þessvegna sagðist hann leggja til, að „óvígðu prestarnir“ byrjuðu á missions starfi hér í bæ, og reyndi að ná mönnum saman á trúarsamtalsfundi á sd. kveldin. Það væri hægra, að fá menn þangað en í kyrkjuna. Þegja kvaðst hann ekki vilja, því kristnir bræður yrði ekki frelsaðir með þögninni einni, þar sem óvinaflokkurinn væri jafn skaðráður og mikill og fjölmennur. Sem dæmi þess, hvað óvinirnir væri nærgöngulir, væri, að engir mætti fyrir þeim ugglasir vera Þeir spöruðu ekkert. Í lítilsvirðingarskyni kölluðu þeir Jesú „trésmiðinn frá Nazareth“. Þeir bölvuðu trú og hötuðust við réttlætið. Það furðulega áleit ræðumaður að væri, að engir yrði fyrir þessu nema Ísl., allir aðrir væri í friði. Að lokum sagðist hann álíta, að vér ættum að hafa nógan kraft hér í þessum bæ til þess að taka fyrir alla mótspyrnu og bæla hana gjörsamlega niður—bæði blöð og menn, er brigzlunum ylli.

Síra Kr. Ólafsson talaði þá nokkur orð og áleit, að það væri bezt að halda engri vörn uppi, nema kristindómurinn prédikaðist með því móti. „Vér getum ekki sannað kristindóminn, enda er hann ekki til þess ætlaður; vér eigum að eins að færa oss hann í nyt.“

Síra Fr. Bergm. reis þá aftur á fætur og sagði, að þegar talað væri um ritverk, þá væri bezt að lesa ekkert, er andvígur

skoðanir flytti, en ef það væri lesið, þá mætti ekki dæma eftir efninu, heldur andanum, sem í því væri fólgin. Sem vörn væri oft gott ráð að tala við mótstöðumennina með skynsemi og sýna þeim fram á óskynsemina í orðum þeirra. Þetta ætti þó aldrei að gjörast á mannamótum opinberlega, heldur þegar menn væri tveir og tveir saman, í leyni. Ef ekki væri gott að þegja með vondri samvizku, þá væri og heldur ekki gott að tala með vondri samvizku, enda fannst honum hann ekki geta svarað blaðagreinum, því menn væri svo sljósir að veita sannleikanum eftirtekt. Einlæginn og bróðurhugurinn og sannleiksástin í allri framkomu væri drjúgasta svarið.

Frú Bjarnason hélt þá all langa ræðu, er hún sagði að aðallega væri töluð til kvennanna. Spursmálið er hún vildi hreyfa væri, hvað konurnar ætti að gjöra, er kristindóms fjendur kæmi heim í húsinn til þeirra, til að sá þar sínu fjandskapar sæði. Ein merk safnaðarkona hennar hafði nýskeð orðið fyrir einni slíkri heimsókn, og verið spurð spjörunum úr um trú sína af þessum vantrúarmanni, en svarað þá til einhverri heimsku, eins og gengur, er hinn hafði hlegið að, og hún orðið sér þannig til skammar. Það sem frúin áleit að konurnar ætti að gjöra væri, að segja þessum gestum að þegja, en hætta sér ekki út í viðræður við þá, og vildi þeir ekki þekkjast það, þá að taka börnin og hlaupa út með þau, út í frostið og vetrarhörkuna, og flýja húsinn unz áreiðanlegt væri, að óvinirnir væri farnir. Hún kvað mikil brögð að þessum heimsóknum, og þær væri mikið skaðlegar og hættulegar fyrir blessuð börnin. Í alla staði væri þögnin affarasælust og lagði hún því til, að fólk skyldi þegja, og skipa óvinunum að þegja líka.

Reis þá Vilhelm Pálsson úr seti og lýsti því yfir, að menn ætti að bera sig ögn karlmannlegar. Honum fannst Magnús bróðir sinn barma sér helzt um of yfir ofsóknunum. Deilurnar væri í alla staði mannúðarfyllri og sanngjarnari en áður hefði verið. Þó fannst honum ástæða til að shuga þetta mál, og til væri enn þá mjög hatursfullar árásir í garð lútherskra manna, þótt ekki væri annað en „tíundarskyldu grein“ Hkr., þar sem „Heimskringlu-maðurinn“ væri auðsjáanlega að ráðast á kristindóminn. Svo væri og „Eimreiðar“ greinin áminnsta, og í þriðja

lagi „Heimir“, er hann áleit óalandi og óferjandi. „Heimir“ sagði hann vera mjög viðsjárvert rit, er gjörði sér far um að sýnast vísindalegt (?) og fræðandi. Í alla staði væri hann margfalt verri en „Dagsbrún“ gamla hefði verið, meir eitrandi, mannskemmandi og siðspillandi. „Dagsbrún“ hefði verið í hverju húsi og engum gjört mein, en þetta nýja rit ætti helzt hvergi að líðast, og væri það allra skylda, að senda það til baka og ljá því ekki hús. Sjálfur sagðist hann aldrei hafa lesið „Heimi“.

Sem vörn gegn þessum árásum áleit hann hið bezta meðal að þegja, en í þess stað lesa úrvalda kaffa úr biblíunni,— „helzt einhverja góða kaffa; reyndar eru þeir nú allir góðir, hvar helzt sem er úr biblíunni“,— ef menn hefði eitthvað smittast af vantrúarritunum.

Síra Fr. Hallgrímsson sagðist vilja minna menn á áður en fundi væri slitið hér í kvöld, að styrkja ekki, lesa ekki, ljá ekki hús vantrúarritunum. Það væri siðferðisleg skylda kristinna manna, að senda þau til baka til höfunda sinna, „vina minna—óvinanna,“ og ljá þeim ekki hús.

Talaði Jón Bildfell þá nokkur orð, meðan fólk var að búa sig og fara, og var fundi slitið með því.

Tjaldbúðarfundurinn var öllu fáorðari um „óvinina“, „árásirnar“ o. s. frv. Að mörgu leyti var hann meinlaus í garð utan félags manna, þótt sami aumingjaskapurinn kæmi þar fram, að hvorki mátti leyfa ólútherskum mönnum málfrelsi né svara spurningum þeirra, er í alla staði voru kurteisar. Nokkrar hnútur flugu þar til Unitara, er fæstar munu hafa hæft, enda var þeim miðað með hálfum huga. Í lok fundarins endurtók Fr. Bergm. það, sem kyrkjufélagið hefir margoft áður auglýst, að Unitarar væri ekki „kristnir menn“. Þó kom það ekki hjá honum fyr en eftir strekaða spurningu í þá átt. Enda var hann búinn að lýsa því yfir áður um kvöldið, að hann vildi gjarna fá „þá, sem efuðust um algjörðan innblástur ritningarinnar og jafnvel höfnuðu átrúnaði á þrenningarlærdóminn“, til að ganga í söfnuð sinn, og var því ervitt að þurfa að svara þeirri spurningu.

Umräðuefni þessa fundar var „Hverja þýðingu hefir það fyrir fólk að tilheyra kristnum söfnuði“, og héldu menn sig mjög laust við málefnið, að undanteknum síra B. B. Johnson. Síra

Fr. H. sýndi fram á, hverja þýðingu það hefði, ef menn væri ekki í söfnuði, og dró dæmi af Hafnarstúdentunum, er fæstir sinntu kyrkju, enda væri þeir mennirnir, er kappsamlegast hefði unnið að eyðileggingu trúar og siðgæðis á Íslandi.

*
 Vér ætlum ekki að gjöra langar athugasemdir við fundi þessa, því þess gjörist ekki þörf. Það, sem þar fór fram, ber með sér, í hvaða tilgangi til þeirra var efnt, og eins hvaða andi ríkti þar í öllu því, er sagt var. Fundurinn í norðurkyrkjunni, eins og bæði málefnið og ræðurnar báru með sér, var í því skyni stofnaður, að taka fyrir hneykzli það, sem „tfundargrein“ Sam. vakti meðal manna, eftir að svar B. L. Baldvinssonar kom út. Það var ekki frítt um, að það veki töluverðan geig og óhug, ef fara ætti að vaða uppi með þannig lagaðan frekjuskap og kúgun og Sam. greinin bar með sér.

Málefninu var því smeygt inn í þessu laglega „messusöngsbandi“: „Hvernig eigum vér að taka árásum óvinanna gegn kristindóminum.“ Með því að láta það heita sem verið væri að halda uppi hlífiskildi fyrir kristindóminum, lét það miklu betur í eyrum og var léttari sök en ella, að fela klækina undir Pílatusar purpuraklæðinu.

Hvernig er svo málið rætt? Friðrik Hallgrímsson byrjar með því að lýsa alla að opinberum fjandskap við guð, er eitt-hvað hafi andæft gjörðum kyrkjufélagsins. Þeir eru „útsendarar djöfulsins“, „verkfæri hans“ o. s. frv. Og svo sem að sjálfsgöðu „váru þeir allir mest virðir af guði, er konungi líkaði bezt við“, eins og sagt er um Ólaf helga. — Fr. Bergmann þrumar á því, að þ e g j a, vegna þess það þýði ekki, að halda uppi svörum, söfnaðurinn trúir ekki því, sem sagt sé um prestinn hans. Það er nú kristindómurinn hans. — Magnús Pálsson langar til að mega fara í illt við andstæðingana, vegna þess hann hafi lært að elska Lútherskuna og vilji deyja upp á Lúthersku. Það getur nú verið góður dauðdagi, en flestum Íslendingum mun þó vera svo varð, að heldur vildi þeir vita landa sína deyja kristilega og skaplega. — Svo er lagt til að konurnar þegi, svo þær verði sér ekki til skammar með því að tala, með því þær geti ekki komið orðum fyrir sig. Það er nú enginn sérlegur uppsláttur fyrir Ís-

lenzkt kvennfólk þetta, og ekki stór vörn kristindóminum, ef verið væri að bera hann fyrir brjóstinu. En það er oft þægilegra að þær hafi ekki uppi svör, þegar verið er að atyrða þær fyrir, að leggja peninga sína í klæðnað fyrir líkamann í stað framlaga til kyrkjunnar.

En það er ekki fyr en Vilh. Pálsson fer að tala; að aðallega er komist að efninu. Hann gengur út frá því sem vísu, að ráða eigi bót á varnarleysinu gegn ofsóknunum, og hann finnur sáðið — að lesa bænir móti óvinum upp á gamlan og góðan kaþólskan sið, reyna særinguna, lesa pistla úr biblíunni, og verja húsið fyrir Heimskringlu, Eimreiðinni og Heimi. Það var viturleg til- laga og átti vel við efnið og staðinn. Meðal þetta eða annað mjög svipað því var notað úti á Íslandi til forna. Jón gamli Árnason segir svo frá, að gamlar konur hafi krossað sig, er þær fóru að hitta Sturla sinn eða höfðu fataskifti. Mun það hafa verið ræðumanni í barnsmíni, enda sagðist hann vita til þess, að ráð sín bæri góðan árangur, ef þau væri réttilega notuð. — Manntæðingar hafa það fyrir satt, að andlitsdrættir mannanna semjst mjög að þeim hugsjónum, er gagntaki sálarlíf barnanna á unga aldri, einkum sé hugsjónin dregin af lifandi fyrirmynd. Útlit ræðum. var eitthvað átakanlegt þetta kvöld, eins og oftar, er hann fór að leggja á ráðin. Var það og margra geta, að svo væri þeir einir, er „komnir væri úr hörmunginni miklu“ og lifað hefði Sturlungu í æsku. Menn tóku líka eftir því, er hann sagði, því þar var talað úr heimi fyrirbænarinnar af sjónar og heyrnar- votti. — — — — —

— Að félagsmenn hafi grætt í ytra álitu við fundi þessa eða með sjálfum sér aukist virðing fyrir aðvinnslumátanum er næsta ólíklegt. Að prestarnir komi saman á næturþeli til að bölvva ó- vinum sínum er ekki það, sem hrifur hjörtu þeirra, er langar til að vita til þess, að enn lifi dálítill mannskapur og dás í ærlegri sókn eða vörn. Né þótt þeir leiði fáeina menn upp á ræðupall- inn, er boðnir og búnir eru að játa öllu, sem þeim er uppálagt, er ekki stórum aukið við fræðsluförða almennings með því. Sá leikur líkist meira skrípaleik trúðara Magnúsar konungs Erlings- sonar, „er hlaupa létu smáarakka yfir hávar stengur.“ —

Ýmislegt.

Sú frétt kemur í Íslands blöðunum, að trúmálaritið „Verði Ljós“ sé hætt að koma út. Það er búið að standa nú í níu ár, og sýnist það undarlegt, að það skyldi þurfa að sofna út af eftir allan þann tíma. Það er að mörgu leyti skaði, að útgefendurnir skyldi ekki sjá sér fært, að halda því áfram eða þá efna til annars meira rits, er meðhöndlaði kyrkjumál Íslands.

„Verði Ljós“ var að mörgu leyti frjálstlegt blað, og það eru víst allir á því, að stefna sú, er það tók í biblíurannsóknarmálinu, væri í alla staði heppileg. Það er ekki lengur hægt að berja fram blákalt ýmsan kreddulærdóm, er öldin og öll komandi eilíft er horfin frá,— ekki fyrir ærlega og frjálshugsandi þjóðkyrkjumenn. Enda væri það hækkir allri framför, að kenna þvert á móti því, sem menn vita sannast og réttast. Að ganga á bug samvizku og betri vitund, er ekkert guðþakka verk, og hver sem það gjörir, er ekki að prédika „gleðiboðskap“, heldur er hann að kippa fótum undan ærlegheitum og drenglyndi fólks, sem er sorglegt niðingsverk.

Nú fyrir nokkru héldu íslenskir stúdentar Kaupmannahafnar háskóla fund með sér, er ræddi um mál snertandi Ísland. Á þeim fundi var sú yfirlýsing gjörð, að fundurinn væri eindregið með algjörðum aðskilnaði ríkis og kyrkju á Íslandi, og jafnframt ákvað að birta þá yfirlýsingu opinberlega í blöðunum. Til þessa hafa Hafnar sveinar sjaldan farið í felur með skoðanir sínar, né lagt það til mála, er Íslendingum hefir verið til ógagns eða ófrelsis. Þótt þeir sé í Danmörku sjálfri, hafa þeir ekki orðið svo heillaðir af útlenskunni, að þeir hafi algjörlega skafið Ísland út úr huga sínum.

Gleðilegt væri, ef skólamenn vorir hér vestra fylgdist að einhverju leyti með í sömu átt,—að þeir sýndi meira, en hingað til hefir raun á orðið, að um leið, og þeir þroskuðust að anda og sannleika, yxi þeir að sama skapi að menningu og sjálfstæði, og væri ekki svo nauðulega staddir, að til þess, að fá varist yfirliði, verði þeir jafnan að bera þefhylki almenningsálitsins í barmi sér.

Ef sú stefnan væri tekin, að flytja meira af fræðum og gæðum en verið hefir inn til Þjóðfélagsins, er væri s ö n n fræði og gæði, þá væri meira líf í landi, og félagslífið ekki eins andlega volað.

Fríkyrkjusöfnuðurinn í Reykjavík hefir aukist stórkostlega, síðan síra Ól. Ólafsson varð prestur hans, enda er hann skörulegur kennimaður og mikils metinn. Sem dæmi þess hve fríkyrkjumönnum fjölgar, getur „Fjallk.“ þess, að 23. des. síðastl. hafi 69 fjölskyldur gengið í söfnuðinn, 27. des. 21 fjölskylda og 31. des. 57 fjölskyldur, er allar hafa sagt sig úr Þjóðkyrkjunni. Í ráði er nú einnig, að kyrkja fríkyrkjusafnaðarins verði stækkuð að mun á hinu nýbyrjaða ári. [Þjóðv.]

Í þessum mánuði var haldið fjölmennt kyrkjuping Galicíumanna hér í bænum. Á því þingi sátu tólf prestar, er allir tilheyra Grísk-ortodox kyrkjuni. Aðal mál þingsins var að koma á fót kennaraembætti við „Manitoba College“ í Gallísku og trúfræði kyrkju þeirra. Þeir tilnefndu mann úr sínum hópi, er taka á þetta embætti, og um leið ganga í skóla á College-inu. Starfi hans er, að taka móti unglingum utan úr nýlendunum, kenna þeim hina einu sönnu ortodoxu trú og Gallísku (Rýtnesku).— Kennslan er alveg undir umsjón kyrkjufélags þeirra, og er meginhluti kennarakaupsins goldinn úr sjóði félagsins. Maðurinn, er útnefningu hlaut, heitir Michael A. Sherbúim, leikmaður, fyrir skömmu hingað kominn til lands, og kallast hann nú meðal Galla „professor Sherbúim“.

Til kaupenda.

Útgefendurnir hafa fengið bréf úr ýmsum byggðum með fyrirspurn um, hvernig standi á árgangaskiftum „Heimis“ með áramótunum. Þetta var skýrt í síðasta númeri blaðsins, og er því varla nauðsynlegt að taka það fram á ný, en þó skal þess

stuttlega getið. Með áramótunum var ákveðið að stækka blaðið er svaraði þriðjungi, en fækka tölublöðum að því skapi, svo að sömu 18 arkirnar væri gefnar út á ári eftir sem áður, en að eins eitt númer á mánuði hverjum. Þá þótti og tilhlýðilegt, að gjöra árgangaskifti með áramótunum. Kaupendur, sem gjörðust áskrifendur með byrjun útkomu blaðsins, fá það til fyrsta júlí næstk. fyrir \$1.00, eins og um var samið, og þeir sem gjörðast kaupendur þessa árgangs (II.) fá hann allan til ársloka 1905 fyrir \$1.00. Verðið er ekki fært upp og áskrifendagjaldið miðað við 18 arkir, hvað sem áraskeftum eða árgangaskiftum líður.

Enn þá vildum vér minna útsölumenn þá og kaupendur á, sem engin skil hafa gjört oss enn þá, að tíminn er kominn, er vér förum að þurfa á öllu því að halda, er blaðinu ber. Enn fremur væri það vinabragð í vörn garð, að þeir, sem málefnum Heimis eru hlyntir, vildi útvega nýja kaupendur að þessum árgangi. Hver kaupandi Heimis getur fengið einn áskrifanda, ef hann vill, án mikillar fyrirhafnar. Það tryggði framtíð blaðsins um ókominn aldur, hversu sem móti því væri unnið. Það myndi ekki kosta mörg ómök hvern, en spara útgefendunum stórmikið verk, er þeir fá naumast komist yfir.

Nýir kaupendur að II. árgangi fá allt það, sem út er komið af ritinu, og annað þessara tveggja rita síra Björns sál. Pétursonar „Prenningarlærdómurinn“ og „Katekismus Unitara“, fyrir \$1.35, eða II. árgang Heimis og bæði ritin meðan upplag þeirra hrekkur fyrir \$1.00. Eða Heimir frá byrjun til ársloka 1905 fyrir \$1.25. Einnig nýir kaupendur að báðum mánaðarritunum Heimis og Freyju fá þau bæði fyrir \$1.50, ef pantanir eru sendar á skrifstofu annars hvors blaðsins, og peningar fylgja. Útsölu-
mönnum er borgað 20 prct. sölulaun, ef borgun fylgir, en til þeirra, er bæði blöðin taka fyrir þetta niðurstetta verð, verða engin sölulaun greidd. Vér vonum að kaupendur meti þessi tilboð og greiði fyrir útbreiðslu Heimis, sem mest þeir mega.

{ „Heimir“, 785 Notre Dame, Wpg. }
 eða
 { 555 Sargent Ave. Wpg. }



Daggardropinn.

(EFTIR MICHELSEN, ÞÝTT AF G. Á.)

Það var á fögrum sumarmorgni.

Eg sá þrjá bræður ganga út að hafinu, til að sjá sólaruppkomuna. Þeir leiddust og töluðu vingjarnlega samað.

Vegurinn út að hafinu lá yfir hæð eina. Þar urðu bræðurnir að ganga hver á eftir öðrum, því gatan var mjó.

Þá rann sólin upp. Bræðurnir sáu ekki sólina sjálfa, en þeir sáu ljóma hennar yfir hæðarbrúnina. Þar var rósarunnur, og á einni rósinni hékk daggardropi, er endurspeglaði hina upprennandi sól. — Og daggardropinn glitraði, eins og hann væri sjálfur ofurlítill sól.

Hrifnir af sjón þessari stóðu bræðurnir grafkyrrir.

„Nei“, hrópaði einn þeirra, „sjáid þið, hvað daggardropinn glittrar fallega, hann er blár eins og —“

„Þér skjátlast, kæri bróðir“, greip annar fram í, „dropinn er alls ekki blár, hann er rauður eins og fegursti roðasteinn.“

„En kæru bræður, hvað er í augunum á ykkur?“ sagði hinn þriðji, „dropinn er hvorki blár né rauður, hann er gulur.“

Af því að bræðurnir stóðu sinn á hvorum stað, þá sáu þeir mismunandi litbrigði í dropanum. En það skildu þeir ekki—— því miður!—

Og þarna stóðu þeir kyrrir, og hver um sig hélt því fram, að HANN sæi rétt. Þeir gleymdu hinni upprennandi sól og mikilleik náttúrunnar, og deildu— um dropann.

Og deilan harðnaði og harðnaði, og bróðurkærleikurinn minnkaði og minnkaði.

Ef bræðurnir hefðu hreyft sig að eins lítið eitt til, mundi sannleikurinn hafa orðið þeim auðsær.

En þeir stóðu kyrrir, og þeir standa enn kyrrir og deila— og deila— um dropann.

HEIMIR er gefinn út af nokkrum Íslendingum í Ameríku; kemur út 12 sinnum á ári og kostar \$ 1 árg. — Útsendingu og innhelmtu annast Björn Pétursson, 555 Sargent Ave. Utánáskrift til ritstjórnar blaðsins er: Heimir, 785 Notre Dame Ave. Winnipeg Man.

Ritstjóri síra Rögnvaldur Pétursson, Winnipeg.

Prentari: Gtsli Jónsson, 656 Young st. Winnipeg Man.